

# Ársskýrsla Glímufélags Dalamanna 2023



## Efnisyfirlit

Stjórn félagsins.....	2
Iðkendur.....	2
Starf félagsins.....	3
Janúar:.....	3
Febrúar:.....	3
Mars.....	5
Apríl:.....	6
Sumarið.....	7
Ágúst:.....	7
September:.....	9
Október:.....	9
Nóvember:.....	10
Desember:.....	10
Búnaðarkaup.....	10
Rekstur félagsins.....	10
Framtíðarsýn.....	11
Lokaorð.....	11

Aðalfundur félagsins var haldin 16. maí 2023 og var árskýrsla stjórnar og ársreiknar samþykktir þar.

## Stjórn félagsins

Jóhann Eysteinn Pálmason: Formaður

Svana Hrönn Jóhannsdóttir: Gjaldkeri

Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir: Ritari

## Iðkendur

Iðkendur á liðnu ári voru 30 talsins langflestir á aldrinum 6-16 ára. Þjálfari síðasta árs var Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir.

## Starf félagsins

GFD stóð fyrir fjölbreyttu og skemmtilegu starfi síðasta ár. Æfingar voru haldnar vikulega á vorönn fyrir grunnskólabörn í Dalabúð á þriðjudögum, yngsta stig gat sótt æfingar á skólatíma og það var mjög vel sótt af yngri börnum. Mið og elsta stigs æfingar voru eftir skóla á þriðjudögum frá 15:10- 16:30. Fjölmörg mót voru haldin víða um Ísland og við létum okkur ekki vanta, keppendur frá GFD voru á öllum mótum sem GLÍ stóð fyrir síðasta ár.

Einnig voru farnar tvær keppnisferðir fyrir utan landssteinanna á vegum GLÍ og voru þær einnig vel sóttar af iðkendum GFD. Á haustönn fór þjálfari í barneignarleyfi og ekki voru reglulegar æfingar þrátt fyrir það sóttu keppendur stíft á mótin eins og hægt er að lesa hér að neðan. Jóhanna Vigdís var með tvær æfingar fyrir okkur, eina í október og eina í nóvember.

**Janúar:** Iðkendur fóru á janúarmót í Ármannsheimilinu í Reykjavík, keppendur í barna og unglingsflokkum og stóðu sig mjög vel.



Mynd 1 Mirko á verðlaunapalli á Janúarmótinu

**Febrúar:** Bikarglíma fór fram í Reykjanesbæ í byrjun mánaðar. GFD átti keppendur í barna, unglings og fullorðinsflokkum. Frábær árangur hjá okkar fólki. Fimm titlar fóru heim í Dalina eftir það mót.

Tveimur vikum seinna var farið til Frakklands og keppt þar á opna franska meistaramótinu í hryggspennu (Backhold) þar voru tæplega 300 keppendur skráðir til leiks frá 11 ára aldri. GFD átti 9 keppendur sem stóðu sig með miklu þryði og fóru 3 á verðlaunapall. Mikil reynsla sem safnaðist með þessari ferð.

Ferðalagið hófst hjá hópnum okkar á fimmtudag og eftir nokkura klst svefn voru allir vaktir og komnir út á flugvöll kl 4:00



Mynd 2 Hluti keppenda GFD á Bikarmóti

Vélin átti að fara í loftið kl 6:30 en einhver bið var eftir pappírurum og farþegum svo ekki var brottför frá Íslandi fyrr en rúmlega 7. Þessi litla seinkun olli því að við rétt misstum síðan af lestinni frá aðalrestastöðinni í París. Við héldum nú að það væri ekki svo mikið mál að fá bara miða með næstu lest. En það kom síðan í ljós að þetta var mikil ferðahelgi hjá Frökkum útaf aukafrídegi og öðru svo allar lestar voru meira en minna fullbókaðar og uppseldar.

Starfsmanninum féllust hendur þegar hann áttaði sig á því að hópurninn var 22 manns en ekki 2 eins og hún hélt í upphafi. Þetta reddaðist sem betur fer og við fengum handskrifnaðann



Mynd 3Hópurinn sem fór til Frakklands

miða frá starfsmanninum og fengum að troða okkur með í fullbókaða lest. Engin sæti laus svo við sátum þar sem hægt var að koma sér fyrir með einhverju móti.

Komumst á áfangastað á föstudagskvöldi, fengum kvöldmat á veitingastað í nágrenninu og svo allir beint í rúm enda uppgefnir eftir langan ferðadag.

Mótsdagur. Mæting í íþróttahúsið kl 10 í viktun. Hér kemur síðan svo sterkt í ljós hversu slök enskukunnátta Frakka er. Við fengum allskonar upplýsingar og skilaboð um fyrirkomulag mótsins sem stönguðust sífellt á svo þetta var frekar ruglingslegt en við reyndum bara að gera okkar besta og hafa gaman. Barnaflokkar byrjuðu rúmlega 11 eftir að mótið hafði verið formlega sett.

Kynnir mótsins talaði bara frönsku allan tíman svo við reyndum að vera dugleg að hlusta eftir nöfnum Íslendinga til að vita hvar, hver og hvenær við vorum að keppa. En keppt var á 4 völlum og tæplega 300 keppendur tóku þátt frá 5 löndum.

Þórarinn var fyrstur Íslendinga að keppa og stóð sig með stakri þrýði. Hann var í mjög sterkum og fjölmennum riðli. Alexandra Agla átti einnig góða keppni og varð í öðru sæti. Mikael Hall lenti líka í öðru sæti eftir spennandi viðureignir. Benóní tók síðan 3. sætið í sínum flokki.

Unglinga og fullorðinsflokkar hófust í beinu framhaldi. Kristín og Dagný kepptu í fullorðnisflokki kvenna og reyndu við fremstu glímukonur Evrópu. Mirko okkar varð fjórði í sínum flokki, ótrúlega gaman að sjá hvað hann hefur eflst mikið á stuttum tíma.

Birna, Jasmín, Embla og Jódí voru heima vegna meiðsla og veikinda en lögðu sitt af mörkum til að hvetja hópinn áfram í gengum internetið- það skilaði sér stelpur 😊

Þetta var í raun aðeins annað backhold mótið sem krakkarnir hafa tekið þátt í og þau áttu svo flottar viðureignir sem fara beint í reynslubankann. Það að standa á vellinum fyrir framan fullan sal af fólki og stúkurnar troðfullar af áhorfendum getur verið áskorun útaf fyrir sig en þau létu það ekkert trufla sig heldur bara einbeittu sér af verkefninu.

Mótsdagurinn var langur og við stoppuðum stutt á hótelinu áður en farið var í kvöldmatinn og kvöldskemmtunina. Hér verður aftur einhver misskilningur. Boðið er uppá áfengi sem er eitthvað sem við höldum að yrði ekki gert og á stuttum tíma er hávaðinn og drykkjan orðin mikil svo við borðum matinn á hlaupum á leiðinni út. Þetta verður ekki gert svona aftur ef farið verður aftur á þetta mót. Þá ætlum við að sjá alfarið um skipulag fyrir okkar hóp sjálf. Það var mikil óánægja með þetta fyrirkomulag hjá okkur fararstjórnunum.

Heimferð hófst síðan um nóttina, aftur lítill svefn en krakkarnir voru dugleg að reyna að sofa þegar það var hægt. Heimferðin gekk að mörgu leiti vel og lítið frá henni að segja. Ég vil þakka ykkur krakkar fyrir skemmtilega ferð, þið eruð svo frábær hópur og það var gaman að vera með ykkur í svona ferðalagi.

**Mars:** Tímamót á Reyðarfirði, 3 keppendur auk þjálfara fóru til Reyðarfjarðar og tóku þar þátt í svokölluðu tímamóti þar sem keppt er í að leggja andstæðinging á sem skemmstum tíma. Aðeins var keppt í unglunga og fullorðinsflokkum og kepptu okkar keppendur í öllum flokkum sem þau máttu taka þátt í og stóðu sig vel.



Mynd 4 Keppendur á Tímamóti á Reyðarfirði



Mynd 6 Keppendur á Grunnskólamóti



Mynd 5 á Jörfagleðinni

**Apríl:** Grunnskólamót í Dalabyggð. GFD sá um að halda hið árlega grunnskólamót og var það vel sótt af börnum af öllu landinu. GFD fékk þar 6 grunnskólameistara. Höfðingamót var haldið í beinu framhaldi af grunnskólamótinu þar sem lágmarksaldur keppenda var 30 ár. Skemmtilegt mót þar sem hinir ólíklegustu keppendur létu á reyna.

GFD var með viðburð á menningarhátíðinni Jörfagleði í Árbliki. Glímusýning og rennt yfir sögu glímunnar og sérstöðu hennar.

Íslandsglíman fór fram á Akureyri seinnihluta apríl mánaðar og lenti okkar keppandi í 2. sæti í kvennaflokki.



Mynd 7 Glímukennsla á Eiríkisstöðum

## Afmælishátíð Glímufélag Dalamanna 25 ára 17 júní í Dalabúð

### Skemmtimót kl 13:00

Iðkenndur hjá Glímufélagi Dalamanna sýna listir, bjóða uppá kennslu og taka á móti áskorun frá áhorfendum.



### Vöfflu hlaðborð kl 14:00

Vöfflur, kaffi og djús:  
Fullorðinn 1.000 kr  
Börn 3 til 12 ára 500 kr  
Börn 0 til 2 ára frítt



Ágóði vöfflusölnunar fer í ferðasjóð fyrir keppnisferð til Bretlands í ágúst

### Sumarið

Engin mót fóru fram yfir sumartímann annað er glímumót á unglingslandsmótinu og þar var engin keppandi frá GFD. Við notuðum hins vegar sumarið í nokkrar fjáraflanir fyrir félagið og komandi keppnisferð til Bretlands. Þann 17. júní héldum við uppá 25 ára afmæli GFD og vorum við með glímusýningu og kynningu á backhold í Dalabúð. Boðið var uppá afmælisköku í lok sýningar og sölu á vöfflum og kaffi til styrktar félaginu yfir 100 manns kíktu í kaffi og lögðu félaginu lið.

Í júlí fór pósthlaupið svokallaða fram og GFD stóð þar brautargæslu ásamt Björgunarsveitinni Ósk. Fyrir það fékk félagið hluta af þátttökugjaldi. Eiríksstaðahátíð fór fram í ágúst og var haft samband við félagið um að bjóða uppá kennslu í íslenskri glímu. Við tókum þeirri áskorun og buðum uppá kennslu báða daganna. Einstaklega skemmtilegt og ferðamenn voru mjög ánægðir með þessa óvæntu viðbót á heimsókn þeirra til Eiríksstaða.

**Ágúst:** Bretlandsferð. 20 manna hópur fór frá Íslandi til að keppa á nokkrum backholdmótum í uppsveitum Bretlands. Fimm keppendur frá GFD fóru til Bretlands ásamt þjálfara sínum og einn foreldri kom með til aðstoðar. Var ferðin hin mesta skemmtun, hér að neðan er smá samantekt sem Ragnheiður Pálsdóttir tók saman hún kom með til aðstoðar.

## Bachold í Bretlandi

24. ágúst síðastliðinn lögðu af stað nokkrir krakkar úr glímufélagi Dalamanna suður með sjó. Tilgangur ferðarinnar var keppnisferð til Bretlands sem hófst á backhold (hryggspenna) æfingu með öðrum glímuiðkendum um allt land sem Glímusamband Íslands stóð fyrir. Þar sem veðrið var ljúft fór æfingin fram á grasvelli við íþróttahúsið í Vogum. Þaðan lá leiðin í gistingu í Njarðvík en mæting var uppá Keflavíkurflugvöll um nóttina 3:30 og síðan flug til Glasgow kl 6:15. Í Glasgow voru leigðir bílar og ekið í ca tvo tíma til Carlisle í Fern Lee, húsið sem dvalið var í. Restin af deginum var notaður til að ná úr sér ferðapreytunni og hrista hópinn saman. Hópurinn samanstóð af 15 keppendum, einum þjálfara, framkvæmdastjóra glímusambands Íslands og þremur foreldrum. Keppendur úr Dalabyggð voru Alexandra Agla Jónsdóttir 14 ára, Mikael Hall Valdemarsson 14 ára, Þórarinn Páll Þórarinsson 14 ára, Benoní Meldal Kristjánsson 15 ára og Jóhanna Vigdís Pálmadóttir 17 ára en með þeim fóru Guðbjört Lóa Þórgrímsdóttir þjálfari og Ragnheiður Pálsdóttir foreldri.



Mynd 8 Íslandshópurinn á fyrsta mótinu

Laugardaginn 26. ágúst var keppt á tveimur mótum. Fyrst var farið á Holm show og tekið þátt í litlu móti þar. Keyrt var beint eftir það til Newcastleton á stærra mót og stærra svæði. Allir stóðu sig vel þar og höfðu gaman að þrátt fyrir mikla rigningu og drullu á svæðinu. Eftir þennan dag fékk Þórarinn Páll eitt gull og eitt silfur og Jóhanna Vigdís varð 3. í opnum flokki kvenna.

27. ágúst var skemmtilegur en langur dagur. Farið var til Grasmere á mjög stóra íþróttahátíð. Aftur stóðu allir sig vel eins og við var að búast og gaman að sjá hvað keppendurnir okkar eflust með hverri keppninni. Þar fór fram heimsmeistaramót karla í backhold og var mjög spennandi keppni þar sem yfir 30 karlmenn tóku þátt.



Eftir þennan dag varð Mikael Hall 4. í flokki 15 ára og yngri (léttari flokk) og líka 4. í flokki 18 ára og yngri. Þórarinn Páll fór aftur á pall þennan dag með gull í flokki 15 ára og yngri. Jóhanna Vigdís varð 2. í flokki 18 ára og yngri kvenna.

28. ágúst var haldið til Keswick agricultural Show á stóra landbúnaðarhátíð. Sól og skúr en samt finasta veður. Heimsmeistaramót kvenna fór fram þennan dag og einnig var keppt í nokkrum flokkum í drengja og karlaflokkum.

Eftir þennan dag náði Þórarinn Páll 3. sæti í flokki 18 ára og yngri.

29. ágúst var engin keppni og nutu einhverjir keppendur sín í afslöppun á Fern lee meðan aðrir skrupp í bíltúr til Glasgow. Guðbjört Lóa og Alexandra Agla kvöddu hópinn og flugu heim til Íslands.

30. ágúst var haldið til Ennerdale á síðustu keppnina í þessari ferð en öll mótin sem við sóttum heim fóru fram á landbúnaðarhátíðum og var mikil stemming bæði meðal glímu keppenda og annarra gesta hátíðanna. Á þessu móti náði Þórarinn Páll 3. sæti í flokki 18 ára og yngri. Eftir frábæran dag var íslenska og franska keppnisliðunum boðið í kvöldverðarboð í Ilow Hasketvillage í boði Carlisle Wrestling club. Eftir kvöldverðinn var tekin sameinginleg backholdæfing undir leiðsögn þjálfara þar í bæ ásamt fyrrum heimsmeistara í karlaflokki. Mjög skemmtilegt kvöld og mikilvægt að geta deilt reynslu með öðrum, fengið að læra ný brögð og kynnast betur fólki með sömu áhugamál.



Mynd 9 Æfingabúðir á Laugum

September: engin mót

Október: Æfingabúðir í glímu fóru fram á Laugum í Sælingsdal fyrstu helgina í október. Yfir 50 iðkendur tóku þátt í helginni. Þar af voru 14 skráðir frá GFD sem var frábært. Mikil skemmtun þessi helgi þó æfingar hafi verið stífar og langar og margir með strengi eftir helgina. En flestir lærðu eitthvað nýtt og kynntust nýju fólki sem svona æfingabúðir ganga einnig út á.

Haustmót GLÍ (11-15 ára) fór fram síðustu helgina í október, sömu helgi og haustfagnaður var í Dalabyggð. Þar af leiðandi

Mynd 10 Keppendur á Íslandsmeistaramóti

fóru ekki margir frá okkur. GFD átti 3 keppendur sem stóðu sig vel og fengu allir verðlaun fyrir sinn árangur. Tímamót GLÍ var haldið sama dag fyrir 16 ára og eldri. Þar kepptu Benóní og Þórarinn upp fyrir sig og uppskáru góðan árangur.

**Nóvember:** Íslandsmeistarmót barna og fullorðina fór fram á Hvammstanga 25. nóvember. Sjö keppendur fóru frá GFD og eignuðumst við þrjá Íslandsmeistrara.

**Desember:** Engin mót



## Búnaðarkaup

Árið 2023 frjáfestum við í nýjum fallegum keppnisbúningum þar sem gömlu búningarnir okkar voru orðnir vel nýttir og slitnir enda rúmlega 20 ára gamlir. Nýju búningarnir eru frá Henson og við höldum okkur við græna litinn sem hefur einkennt okkur á glímuvellinum.

## Rekstur félagsins

Rekstur félagsins stendur vel, við fengum styrk frá Dalabyggð, fórum í nokkrar fjáraflanir til þess að standa undir keppnisferðum bæði innan og utanlands.

## Framtíðarsýn

Við horfum björtum augum á næsta keppnisár og ætlum okkur góða hluti. Það sem við leggjum mikla áherslu á á æfingum er aukið sjálfalít og sjáflsöryggi ekki síður heldur en líkamlegur styrkur og þol. Glíma er oft á tíðum glíman við eigin hugsanir og trúin á sjálfum sér.

Í ágúst verður aftur farið til Bretlands í keppnisferð og væntanlega mun einhver tími af næsta ári fara í undirbúning þeirrar ferðar sem og fjáraflanir og æfingar.


## Lokaorð

Á þessari samantekt má sjá að starf GFD er öflugt og við mætum með keppendur á nánast öll mót sem í boði eru. Keppendur okkar eru dugleg að ögra sjálfum sér og láta ekki deigan síga þó á móti blási. Ljóst er að mikil ferðakostnaður fylgir öllum þessum mótum sem haldin eru víðsvegar um landið og oft þurfum við að gista líka vegna fjarlægðar. Við viljum þakka Dalabyggð fyrir þeirra framlag í formi fjárhagsstyrks sem hjálpar okkur við að halda kostnaði í lágmarki fyrir þátttakendur.

Fyrir hönd stjórnar, Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir

## „Að sigra sjálfan sig“

Uppskrift:



Framkvæmd:

1. Hafðu trú á sjálfum þér.
2. Opnaðu augun fyrir trúnni sem aðrir hafa á þér.
3. Settu þér markmið sem þig langar til að ná. Hafðu það raunhæft en krefjandi.
4. Finndu leiðir til að ná markmiðinu. Fáðu aðstoð.
5. Gerðu þér grein fyrir því hvernig sjálfstalið þitt er.
6. Reyndu að hafa sjálfstalið gagnlegt.
7. Vertu tilbúin/n til að leggja ymislegt á þig til að ná markmiðinu og framkvæma það sem þarf til að ná því.
8. Mundu að draumar geta ræst og það er hægt að sigra sjálfan sig.